

## Hið mikla frelstríð; frelsun kvenna, kynlífs, kyns og mannkyns: 4

Kvenfrelsarar eygja nú loksins endalega frelsun konunnar, eftir harðvítuga baráttu, því móðurlífi hennar verður hlíft við barnseignum og kynfærum við kynlífi með körlum. Þetta verður síðan gulltryggt, þegar sjálfbærnimarkmiðunum verður náð, allavega því, er lýtur að valdeflingu kvenna. Það er ástæða til að ætla, að Kvenfrelsunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Women), sjái til þess, að frelsaðar og valdelfdar konur sitji í alheimsstjórninni og gangi úr skugga um, að stjórnun heimsins verði kvenvæn eins og landbúnaður og annað atvinnulíf.

Það heyrast þó efasemdarraddir meðal „kynskiptakvenfrelsaranna“ (transsexual feminism). Einn þeirra er hin breska Mary- stundum Sebastian- Harrington, enda þótt hún hafi ekki lifað í karlgervi. Mary kallar sig íhaldskvenfrelsara (conservative feminist). Það hafa runnið á hana tvær grímur um góð áhrif kvenfrelsunar á mannlífið. Hún gagnrýnir m.a. þróunina í átt að kvenvélmennum (cyborg feminism) og mannlíkjalýðræði öreiganna (communism).

Frjósemislyfjaiðnaðinn lýtur hún einnig hornauga í nýrri (2023) bók sinni, „Kvenfrelsun gegn framförum“ (Feminism Against Progress). Kvenvélmenniskvenfrelsun er þar skilgreind sem gervigreindaruppfærsla lífefna- og lyfjaiðnaðarins á kvenlíkamanum, undir yfirskini frelsunar.

Önnur er hin ítalska, Silvia Guerini. Hún segir m.a.: „Sjónarmiðum LGBTQ+ [lesbía-(karl)homma-tvíkynja-tvískiptinga-kynlausra og fl.] er nú gert hátt undir höfði hjá hinum valdamiklu og formælendur þeirra rísa til metorða í fjölmiðlum, æðri menntastofnunum og sérstaklega þó meðal viðskipta-, góðagerða- og tæknijöfra.“ ...

„Fullkomin tortíming fyrri tilhögunar mannlífsins er í aðsigi: fæðing, kynferði, menntun, tengsl, fjölskylda- og jafnvel mataræðið, sem er í þann mund að verða gervimatur.“ ...

„Aðförin að börnum, einkum og sér í lagi í skóla og fjarri vernd foreldra, er nánast að skilja sem markvissa félagsverkfræði.“ Hún bendir á, að við séum bara steinsnar frá veröldu „án mæðra.“

Að lokum úr brunni Silvíu: „Ef enginn er raunveruleikinn og enginn er sannleikurinn, er heldur ekkert frelsi.“

Silvia hefur skrifað bókina: „Frá eðlilegum líkama mannlíkja á siðnýöld: Gagnrýni á kynjahugmyndafræðina“ (From the ‘Neutral’ Body to the Postmodern Cyborg: A Critique of Gender Ideology) [17]

**Niðurlag:** Alþjóðlegt auðvald náði undirtökunum í Bandaríkjunum með stofnun Seðlabankans (Federal Reserve), árið 1913. Þegar það hafði rústað veröldinni öðru sinni í annarri heimstyrjöldinni, voru lögð endurnýjuð drög að alheimsyfirráðum. Í því skyni var mikilvægt að valda allsherjarusla (kynusli dygði ekki til); skapa upplausn og óreiðu í samfélaginu, eyðileggja gildi, siði og stofnanir. Fjölskyldan kom í því efni óhjákvæmilega í brennidepil eins og endurspeglast í fræðum og starfi kvenfrelsaranna.

Þannig var hug- og vitundarstríð (sálfræðilegt stríð – psychological warfare) háð gegn almenningi. Ein af helstu hugveitum yfirvalda í Bandaríkjunum, Rand Corporation, skilgreinir hugstríð svo: Það „felur í sér markvissan áróður eða aðrar sálfræðilegar aðgerðir til að hafa áhrif á skoðanir, tilfinningar, viðhorf og háttarni andstöðuhópa.“ [18]

Dæmi um slíkar hernaðarstofnanir er að finna í bandaríska hernum. Sá breski hefur einnig slíkum herdeildum á að skipa. Auk þess starfa hliðstæðar stofnanir á vegum stjórnsýslunnar í vestrænum ríkjum – og vafalaust víðar.

Samtímis stríðinu inn á við, voru lögð á ráðin um vopnaskak gegn öðrum þjóðum. Reyndar var kvenfrelsunarhreyfingunni beitt óbeint á þeim vettvangi líka. Breskir kvenfrelsarar, súffurnar (suffragettes) voru t.d. fengnar til að leita uppi karlmenn, sem síður vildu gegna herþjónustu í fyrra heimsstríði, frýja þeim hugrekki og næla í barm þeirra hvítu fjöður.

Á vettvangi heimsmálanna setti Zbigniew Brzezinski (1928-2017) óafmáanleg spor við mótun utanríkisstefnu Bandaríkjanna og þar með stefnu Nató. T.d. lagði hann í bók sinni, „Mikilfenglega skákborðinu: Yfirburðum Bandaríkjanna og skyldum á vettvangi heimsmála“ (The Grand Chessboard: American Primacy and its Geostrategic Imperatives – 1997) á ráðin um að umkringja Rússa og frelsa þjóðir og ættflokka undan oki þeirra. Það var alla vega yfirlýst markmið. Skæruhernað gegn þeim í Afganistan skipulagði hann einnig. Kvenfrelsunaráróðursdeildir á vegum Sameinuðu þjóðanna komu til sögu í kjölfar hernáms Nató. Íslendingar sendu Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Það var greinilegur samhljómur í hugsun Zbigniew, kvenfrelsaranna og Alheimsefnahagsráðsins. Í bók sinni, „Milli tveggja tímaskeiða: Hlutverki Bandaríkjanna á tækniskeiðinu“ (Between Two Ages: America's Role in the Technetronic Era- 1970), sagði hann m.a.:

„Tæknivæðingin felur í sér stigvaxandi stjórnun samfélagsins. Þannig samfélag ... undir handarjaðri úrvals manna, losað úr viðjum hefðbundinna gilda ... [með] sérhvern þegn undir stöðugu eftirliti ... [og sem] handstýrir atferli og hugsun almennings [mun verða hin nýja viðmiðun].“ [19]

Svo er að sjá, að sameiginlegur draumur Alheimsefnahagsráðsins, Sameinuðu þjóðanna og kvenfrelsunarhreyfingarinnar, sé að rætast hröðum skrefum. Frelsið er innan seilingar, frelsun náttúrunnar frá mannkyni (sem ört týnir tölunni), frelsun kvenna úr viðjum karla og náttúrunnar, frelsun almennings undan oki þjóðríkis og menningar- og sjálfstæðs vilja vitaskuld. [20]

[17] <https://corbetteport.substack.com/p/episode-402-your-guide-to-the-great-ab8>

<https://www.youtube.com/watch?v=BiZtClO-E2E>

[https://www.youtube.com/watch?v=D8\\_VmWWRJgE](https://www.youtube.com/watch?v=D8_VmWWRJgE)

<https://corbetteport.com/qfc082-trans-humanism/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2279507/>

[18] <https://www.globalresearch.ca/everything-weapon-totalitarianism-normalized/5862195>

<https://expose-news.com/2024/07/11/the-woke-will-kill-themselves-first/>

[https://www.zerohedge.com/political/we-were-deceived-gaslit-years-all-name-democracy-then-poof-it-collapsed-overnight#google\\_vignette](https://www.zerohedge.com/political/we-were-deceived-gaslit-years-all-name-democracy-then-poof-it-collapsed-overnight#google_vignette)

<https://www.armytimes.com/news/your-army/2022/05/17/foreboding-army-psyops-recruitment-video-shows-whos-pulling-the-strings/>

[19] <https://strategic-culture.su/news/2024/06/14/european-mutiny-at-the-illiberal-order/>

[20] [https://drjacobnordangard.substack.com/p/advise-to-the-un-summit-of-the-future?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=1015075&post\\_id=146360161&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://drjacobnordangard.substack.com/p/advise-to-the-un-summit-of-the-future?utm_source=post-email-title&publication_id=1015075&post_id=146360161&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://gustafadolf.com/yuval-noah-harari-og-framtid-velmenna/?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR3mZEVq7sli122pfJRZloAkUiIREWKO4ibsYEHwBVbsvZWuY\\_CTVMy2A\\_aem\\_M-Kwb0JE2yIP82UkUfMZTA](https://gustafadolf.com/yuval-noah-harari-og-framtid-velmenna/?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR3mZEVq7sli122pfJRZloAkUiIREWKO4ibsYEHwBVbsvZWuY_CTVMy2A_aem_M-Kwb0JE2yIP82UkUfMZTA)

[https://www.bitchute.com/video/fo3pOKatXitc/.](https://www.bitchute.com/video/fo3pOKatXitc/)

<https://frettin.is/2022/12/13/audnulaus-med-orflogur-i-heilanum-uppfaersla-homo-sapiens-og-stundarfjordungssnjallborgin/>

[https://jbilek.substack.com/p/wrong-bodies-a-castration-cult?r=2m5c13&utm\\_medium=ios&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR1Cfz1zuxPSuLniG3oPtSm17e3A9D29JKBDygaNu3l79rpsiyjrl01oH9s\\_aem\\_1dVdG-ygqDbcQRyezcosrQ&triedRedirect=true](https://jbilek.substack.com/p/wrong-bodies-a-castration-cult?r=2m5c13&utm_medium=ios&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR1Cfz1zuxPSuLniG3oPtSm17e3A9D29JKBDygaNu3l79rpsiyjrl01oH9s_aem_1dVdG-ygqDbcQRyezcosrQ&triedRedirect=true)

[https://corbettreport.substack.com/p/meet-the-sentient-world-simulation?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=725827&post\\_id=147063002&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://corbettreport.substack.com/p/meet-the-sentient-world-simulation?utm_source=podcast-email&publication_id=725827&post_id=147063002&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)